

Aðalfundur Kletts,

haldinn 29. september 2018 samþykkir eftirfarandi:

Tillögur til 34. aðalfundar Landssambands smábátæigenda

1. Netaveiðar krókaafلامarksbáta

Aðalfundur svæðisfélagsins Kletts leggur til að veiðarfæratáknir í krókaafلامarkskerfi verið endurskoðaðar með það að markmiði að heimila netaveiðar krókabáta.

Greinargerð

Umræða um netaveiðar krókabáta var mikil á síðasta landsfundi LS. Atkvæðagreiðsla um málið féll mjög naumt á fundinum og einkenndust skoðanaskipti og umræður um málið oft á tíðum af forræðishyggju og samþykktum frá aðildarfélögum þar sem lítil sem engin málefnaleg umræða hafði farið fram.

Möguleikinn til að veiða í net getur stórmínkað útgerðarkostnað hjá þeim sem það kjósa. Ekki liggja fyrir því nein rök hvers vegna útgerðir mega ekki veiða sínar heimildir í net. Krókaafلامarkskerfið er nú þegar takmarkað af 15 metra löngum bátum og svo verður áfram, jafnvel þó netaveiðar yrðu heimilaðar.

Við teljum nauðsynlegt að koma til móts við útgerðir á þessum erfiðu tímum í greininni, og að allir geti valið hvernig þeir sækja sínar heimildir.

2. Strandveiðar

Aðalfundur svæðisfélagsins Kletts fagnar því skrefi sem hefur verið tekið í rétta átt með strandveiðifyrirkomulaginu sem var 2018 og leggur það til við 34. aðalfund LS að haldið verði áfram á sömu braut.

Þó teljum við mikilvægt að auka dagaval og helst að eyða forræðishyggju með val á dögum. Aðstæður útgerðaraðila eru misjafnar og afar misjafnt hvenær hentar að róa. Þá mótmælum við algerlega svæðaskiptingu strandveiðisvæða, þar sem bátar voru njörvaðir niður á það svæði sem þeir höfðu stundað veiðar árið á undan.

3. Varðandi kvótaleigu

Aðalfundur svæðisfélagsins Kletts leggur það til við 34. aðalfund LS, að krafist verði möguleika fyrir kvótalítlar útgerðir, að heimilt verði að flytja leigukvóta á milli ára. Ófremdarástand skapast oft í byrjun fiskveiðiárs á leigumörkuðum og það er alltof algengt að bátar þurfa frá veiðum að hverfa vegna erfiðleika við að fá heimildir. Með því að heimila flutning á leiguheimildum milli ára mætti koma í veg fyrir slík vandræði. Æskilegast væri þó að flutningi heimilda milli ára myndi fylgja rík veiðiskylda til þess að koma í veg fyrir möguleika á braski með heimildir.

4. Skýrsla starfshóps um faglega endurskoðun varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæða og verðunarsvæða á Íslandsmiðum

Aðalfundur svæðisfélagsins Kletts leggur það til við 34. aðalfund LS að mótmælt verði harðlega öllum hugmyndum um lokun svæða fyrir handfæraveiðum eins og fram kemur í

skýrslu starfshóps um faglega endurskoðun varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæða og verndunarsvæða á Íslandsmiðum.

5. **Kvótasetning grásleppu**

Aðalfundur svæðisfélagsins Kletts leggur það til við 34. aðalfund LS að mótmælt verði öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu, en bendir á að nauðsynlegt sé að gera endurbætur á núverandi kerfi, bæði við ákvörðun um fjölda veiðidaga og fyrirkomulag veiða.

5. **Laxeldi í opnum kvíum**

Aðalfundur svæðisfélagsins Kletts leggur það til við 34. aðalfund LS að mótmælt verði öllum hugmyndum um stórfellt laxeldi í opnum kvíum á Eyjafirði.